

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 79/1988, um persónuafslátt og sjómannaafslátt.

#### 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal vera 214 104 kr. samkvæmt viðmiðun við lánskjaravísitölu 1. desember 1988. Fjárhæð persónuafsláttar breytist í samræmi við 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda skal draga persónuafslátt samkvæmt 2. gr. frá reiknaðri staðgreiðslu þannig:

1. Ef launatímabil er einn mánuður: . . . . .	17 842 kr.
2. Ef launatímabil er hálfur mánuður: . . . . .	8 921 kr.
3. Ef launatímabil er fjórtán dagar: . . . . .	8 212 kr.
4. Ef launatímabil er ein vika: . . . . .	4 106 kr.
5. Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:	

$$\frac{214\ 104}{365} \times \text{dagafjöldi launatímabils}$$

Ekkert launatímabil getur verið lengra en einn mánuður.

#### 3. gr.

3. mgr. 12. gr. orðist svo:

Sjómannaafsláttur skal vera 492 kr. samkvæmt viðmiðun við lánskjaravísitölu 1. desember 1988 fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

#### 4. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Sjómannaafsláttur getur mest verið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem greidd eru fyrir sjómannsstörf, þ.e. 30,8% af þeim launum, þar á meðal reiknuðum launum manna sem starfa við eigin útgerð, enda séu og uppfyllt ákvæði 12. gr. Sjómannaafsláttur kemur þannig ekki til lækkunar á tekjuskatti af rekstrarhagnaði þeirra sem starfa við eigin útgerð.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 49/1987, lög nr. 92/1987 og öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

Lárus Ögmundsson.